

07.09.1989

Útvarpsráð.

Athugasemd frá Kvinnalistanum.

Samtök um kvinnalista vilja koma á framfæri athugasemdum sínum vegna ummæla fréttastjóra sjónvarps, Boga Ágústssonar, í þættinum "Þjóðarsálin" þann 24. ágúst s.l. Telur Kvinnalistinn ummæli hans stangast á við anda jafnréttislaga sem samþykkt voru af Alþingi þann 19. júní 1985.

Í fyrrnefndum þætti var fréttastjórinn spurður hvort til væri jafnréttisáætlun hjá fréttastofunni varðandi viðmælendur og hvernig á því stæði að hlutur kvenna í fréttatímum væri eins rýr og raun ber vitni. Fréttastjórinn svaraði því til að það væri ein höfuðástæða fyrir þessu: *"Þjóðfélagið er þannig ennþá og við erum þannig fjölmiðill - og allir fjölmiðlar eru þannig - að við förum og tölum við forystumenn á einhverjum sviðum - framkvæmdastjóra LÍÚ, bankastjóra, forsætisráðherra, utanríkisráðherra - og þetta eru allt karlmenn. Þannig að ég held að það sé fyrst og fremst þjóðfélagið sem hefur áhrif á þetta. Það er min skadun að fréttastofan sé ekki til þess að breyta þjóðfélaginu heldur til að skýra frá því hvernig það er þannig að það er engin áætlun í gangi um að jafna þetta með því að tala við konur af því að þær eru konur."*

Í íslensku þjóðfélagi ríkir hvorki jafnrétti né jöfn staða kvenna og karla. **Þannig er þjóðfélagið.** Hins vegar eru til jafnréttislög í landinu sem segja að **þessu beri að breyta.** 1. grein þeirra er svohljóðandi: "Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum." Ríkisútvarpinu, sem öðrum, ber að fara eftir þessum lögum og vinna í anda þeirra. Það á með öðrum orðum, og þar er fréttastofa sjónvarps ekki undanskilin, að vinna að breytingum á þjóðfélaginu í þá átt að jafna stöðu karla og kvenna. Ef fréttastofan leggur ekki sitt af mörkum til að slíkar breytingar geti átt sér stað er hún í raun þátttakandi í því að viðhalda ríkjandi ástandi. Fjölmiðlar eru nefnilega hvort tveggja í senn, miðlandi og mótandi.

Það fréttamat sem endurspeglast í orðum fréttastjórans er að auki konum mjög í óhag. Það leiðir nánast óhjákvæmilega til þess að konur og verk þeirra verða ósýnileg í fréttum sjónvarps. Forystumenn í

efnahags-, atvinnu- og stjórnámálum eru ekki fulltrúar þjóðfélagsins
alls og geta aldrei endurspeglað raunveruleika alls þorra fólks. Fréttir
sem eiga upphaf sitt og endi í þessum karlmönnum gefa þ.a.l. ekki rétta
mynd af þjóðfélaginu eins og það er heldur örfáum sviðum þess þar sem
karlmenn ráða ríkjum. Ef fréttastofan færði sig meir inn á svið kvenna
myndi sú mynd sem hún dregur upp af þjóðfélaginu í fréttatímum sínum
hafa allt annan lit og lögun.

f.h. Kvinnalistsans
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Sent öllum fjölmiðlum.